

Ómælanlegar þver- stæður – Um list Rúríar

SÍÐASTLIÐINN laugardag var haldið sjónþing í Gerðubergi þar sem farið var yfir listferil Rúríar og um leið opnuð sýning á verkum hennar. Yfirskrift þingsins og sýningarinnar, *Tími – Afstæði – Gildi*, endurspeglar þær vangaveltur sem liggja að baki verkum hennar.

Eftir Jón B.K. Ransu
ransu@mbl.is

Sjónþingið gekk þannig fyrir sig að skjámyndir af verkum listakunnar voru sýndar á tjaldi, þrískipt eftir þemanu; tíma, afstæði og gildi. Rúrí greindi svo frá því sem fyrir augun bar með einstaka innleggi frá Laufeyju Helgadóttur, stjórnanda þingsins. Þess á milli spjölluðu þeir Halldór Björn Runólfsson og Gunnar Árnason við listakonauna auk þess sem gestir utan úr sal komu með fyrirspurnir. Að því loknu var gestum boðið að skoða yfirlit á verkum hennar á tveimur hæðum menningarmiðstöðvarinnar. Var þingið ágætlega sótt og athugasemdir hve konur voru í miklum meirihluta.

Rúrí tilheyrir frekar fámennum hópi íslenskra myndlistarmanna sem taka afgerandi pólitíska afstöðu í verkum sínum og vill listakonan tengja það vissri réttlætiskennd sem hún ólst upp við þar sem hún lærði að standa með þeim sem henni fannst vera misboðið.

Rúrí vakti fyrst athygli á áttunda áratug síðustu aldar með róttækum gjörningum eins og þegar hún murk-aði niður Mercedes Benz með sleggju og setti amerísku fánalitina (stars and stripes) í íslenskan þjóðbúning. Þessir gjörningar voru hrein og bein helgisþjöll sem deildu á efnishyggju en sýndu jafnframt fram á hverf-

ulleika efnislegra gilda. Þessi hverf-ulleiki átti eftir að fylgja verkum Rúríar þótt öllu heimspekilegri og tilvistarlegri spurningar tækju að móta list hennar þegar á leið, eða þegar listakonan hóf meðvitað að velta fyrir sér tengslum manna og jarðar og alheims.

Hverfuleiki og gildi

Rústir bygginga sem listakonan vann með um tíma sýna hverfuleika menningar sem hvort tveggja getur eyðst hægt í tíma og/eða í skyndi á stríðstímum. Rústirnar eru gott dæmi um þá tilhneigingu Rúríar að kasta fram fleiri en einum möguleika ásamt skýrum túlkunum og oft meðvituðum þversögnum. Athyglisverður punktur kom frá Halldóri Birni þegar hann nefndi að sér þætti listaverk Rúríar vera í senn rökræn og „sublime“ (ægifögur) og vísaði þar með til rannsókna hennar á metranum og tilraunum til að taka hið mælanlega og gefa því ómælanlega ásjón. Metraverk Rúríar byggjast á vangaveltum um hvort ómælanleg fyrirbæri, eins og tilfinningar, séu í rauninni til, sbr. vísindahyggju nútímans. Með því að setja tommustokka í ólíkar formrænar birtingarmyndir má segja að hún gefi þessari rökrænu mælieiningu fagurfræðilegt gildi, þótt deila megi um hvort það heyrir undir ægífegurð í þessu tilfalli. Hins vegar kemur ægífegurð mjög sterklega fram í verkinu „Glerregn“, þar sem brotið gler hangir úr lofti og maður upplifir eitthvað sem er lokkandi og ógnvekjandi í senn.

Ægífegurð má líka tengja náttúruundrum eins og regnboga, en Rúrí hefur unnið með hverfuleika regnbogans í verkum þar sem hann brennur og bráðnar. Regnbogi er líka þverstæðukennt fyrirbæri. Hann er

hverfull en tákfræðilega stendur hann fyrir eilífa ást Guðs á mannum og sáttmála þess efnis. Regnboginn er á sinn hátt andstæður efnishyggju vegna þess að það er ekki hægt að fanga hann eða kaupa en er samt sem áður tákmynd fyrir leit að auði þar sem gullið er við enda hans. Regnbogi er óstöðugt fyrirbæri en er engu að síður fastur við skynjun hvers og eins. Þ.e. að hver manneskja skynjar sinn eigin regnboga. Ef ég er að ferðast í vesturátt og sé regnboga þá ferðast regnboginn með mér. Ef annar maður ferðast sama veg í austurátt og sér regnboga þá ferðast regnboginn líka með honum. Regnboga er hægt að mæla röklega í bylgjum eða riðum en hann fær ekki tilvistarlegt gildi fyrir en í skynjun einstaklings því að manneskja byggir tilvist sína fyrst og fremst á skynrænni upplifun.

Fyrirgefning syndanna

Náttúruvernd er Rúrí hugleikin og þótti mér merkilegt að hlýða á hana á þinginu tala um jörðina sem lifandi veru og að mannfólkinu beri að lifa í stöðuglyndi með jörðinni. Slíkt viðhorf kallar á mikla virðingu fyrir náttúrunni og er þá eðlilegt að áður nefnd réttlætiskennd gjósi upp þegar náttúrunni er misþyrmt.

Framlag Rúríar á Fenejya-tvíæringnum árið 2003, „Endangered waters“, er það farsælasta í Fenejyasögu Íslands. Sýningin hlaut mikla athygli og umfjöllun í alþjóðlegum listimárum. Aftur sköruðust rökrænan og ægífegurðin eða mikilfengleikinn. Framsetningin minnti á einhvers konar skjalaskáp en þegar skjölín voru dregin út úr skápnun birtust gegnsæjar myndir af fossum sem voru í útrýmingarhættu vegna fyrirhugaðra virkjana, sumir þessara fossa eru nú þegar horfnir, og upp-tökur af fossnið ómuðu í rýminu.



Morgunblaðið/RAX

Rúrí í Drekkingsarhyl „Tileinkun“ er síðasti stór-gjörningur Rúríar.

Þetta var sjónlistar- og tónlistarverk í senn.

Rúrí ber álika réttlætiskennd gagnvart manneskjuni og náttúrunni. Sýningin „Paradís hvenær“ á Kjarvalsstöðum árið 1998 var pólitísk sýning sem fjallaði um óhugnað stríðsástandsins í Júgóslavíu. Við opnun sýningarinnar framdi listakonan átakamikinn gjörning þar sem hún þreif gólfíð í sýningarsalnum á meðan litskyggjur af óhugnaði stríðsins rulluðu fyrir aftan hana. Konan var þar með að þrifa upp óhugnaðinn og mættust þar þverstæðukennd fyrirbæri; alúð og grimmd.

„Tileinkun“ er síðasti stórgjörningur Rúríar og einn sá magnaðasti. Hann var framinn í Drekkingsarhyl á Þingvöllum í fyrri og tileinkaður 18 konum sem voru líflátnar í hylnum fyrir að eiga börn utan hjónabands. Er undursamlega fallegt að sjá listakonauna í hylnum að bera klæði á þurrt – líkt og móðir sorganna í pieta-stellingu með Krist í faðmi sínum – og raða þeim með lotningu á sjúkrahöndum eins og hún sé að biðja þær fyrirgefningar fyrir hönd íslensku þjóð-

arinnar. Þrátt fyrir fegurðina nistir mann óhugnaður, svartur blettur á sögu okkar, sem manni ber að horfast í augu við og ég er viss um að allir geta tekið undir bón um fyrirgefningu er þeir sjá börurnar liggja í röð á grasinu við hylinn.

Upptökur af þessum og öðrum gjörningum Rúríar má sjá á sjónvarpsskjám á efri hæð menningarmiðstöðvarinnar. Þar eru einnig nokkur smáverk sem virka sem sýnishorn af annars stórhuga framkvæmdum listakonaunnar og á báðum hæðum hússins má sjá ljósmyndir af skúlptúrum, innsetningum og gjörningum sem listakonan hefur skapað á 33 ára starfsferli. Er sýningin og sjónþingið samhangandi en þótt þinginu sé lokið er vel hægt að njóta sýningarinnar. Sérstaklega ef hugsað er út frá heimildargildi. En eins og listakonan minnsti réttilega á eru Íslendingar sérlega latir við að skrá myndlist og safna heimildum. Hér er því kjöríð tækifæri til að kynna verkum Rúríar með aðgengilegum hætti. Allavega næstu tvo mánuðina.



Aðalsteinn Ásberg *Book of Longing* er góð til að rifja upp gömul kynni af Cohen sem hefur yfirleitt haft sterkari stöðu á tónlistarsviðinu þótt hann sé fyrst og fremst orðsins maður.

Lesarinn

Einhvern tíma á haustdögum náði ég mér í eintak af *Book of Longing* eftir Leonard Cohen sem út kom 2006. Hér er um að ræða uppsafnaðan ljóðaforða skáldsins frá síðustu tveimur áratugum, en þess var í leiðinni minnst að hálf öld var liðin frá útkomu fyrstu bókar hans. *Book of Longing* er notaleg bók með myndskreytingum höfundarins og má segja að hann valsi á milli ljóða, söngtexta og smáprósa, en teikningarnar eru flestar úr

frumhandritum og ljá verkinu skemmtilegan blæ. Góð bók til að rifja upp gömul kynni af Cohen sem hefur yfirleitt haft sterkari stöðu á tónlistarsviðinu þótt hann sé fyrst og fremst orðsins maður. Ég mæli með *Book of Longing* fyrir aðdáendur Cohens, líka þá sem ekki hafa gefið bókum hans gaum fram að þessu. Svo er auðvitað viðbúið að bókinn vekji löngun lesandans til að leggja við hlustir í beinu framhaldi og þá er auðvelt að gleyma sér.

Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson, rithöfundur.

Hlustarinn

Hamlet með georgíska söngvaranum Hamlet Gonashvili er plata sem ítrekað hefur ratað í spilarann hjá mér á undanföllum árum. Gonashvili var þekktur söngvari og kennari í heimalandi sínu og oft nefndur „rödd“ Georgíu vegna frábærrar túlkunar sinnar á þjóðlögum landsins. Gonashvili var glæsimenni; karlmannlegur, fagaður og minnti dálítið á Omar Sharif í útli. Með flauelsmjúkri og rembingslausri tenórödd sinni syngur hann lög um vinnuna á akrinum, vögguvísur,

veiðivísur og ástarsöngva í slagtoگی við félagasina í hinum frábæra Rustavi-kór. Einhver óræð og tær fegurð liggur í tónlistinni sem er dáleiddandi í einfaldleika sínum. Það er m.a. haft eftir Igor Stravinski að hann hafi verið sterklega innblásinn af hinum georgíska kór-söng á seinni árum. Eins og sönn stórstjarna lést Hamlet Gonashvili í ótímabæru slysi við fall úr eplatré á hátindi ferils síns árið 1985 og dregur það síst úr áhrifamætti plötunnar. Fyrir áhugasama er hægt að grafa upp tónlistarmyndband með Gonashvili á youtube.com

Jóel Pálsson tónlistarmaður



Morgunblaðið/RAX

Jóel Pálsson „Eins og sönn stórstjarna lést Hamlet Gonashvili í ótímabæru slysi við fall úr eplatré á hátindi ferils síns árið 1985 og dregur það síst úr áhrifamætti plötunnar.“